

# Lífeyrissjóður bankamanna

---

Ársreikningur

---

**2010**

Lífeyrissjóður bankamanna  
Skiopholti 50b  
105 Reykjavík

Kt. 510169-4259

---

# Lífeyrissjóður bankamanna

---

Ársreikningur

---

2010

## Efnisyfirlit

Áritun endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3-4
Áritun stjórnar	5

## Ársreikningur Hlutfallsdeildar

Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-16

## Ársreikningur Aldursdeildar

Rekstrarreikningur	17
Efnahagsreikningur	18
Yfirlit um sjóðstreymi	19
Skýringar	20-28

## Sameiginlegt yfirlit

Deildaskipt yfirlit um breytingu á hreinni eign	29
Deildaskiptur efnahagsreikningur	30

---

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs bankamanna

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs bankamanna árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

### Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits lífeyrissjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit


Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign lífeyrissjóðsins á árinu 2010, efnahag hans 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Kópavogur, 31. mars 2011

### Deloitte hf.



Knútur Þórhallsson  
endurskoðandi



Örnólfur Jónsson  
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

---

Stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna var þannig skipuð í lok ársins 2010: Friðbert Traustason, Helga Jónsdóttir og Sigurjón Gunnarsson kjörin á ársfundi sem fulltrúar sjóðfélaga svo og Atli Atlason tilnefndur af bankaráði Landsbankans h.f. (NBI h.f.), Ingvar A. Sigfússon tilnefndur af bankaráði Seðlabanka Íslands og Hermann Björnsson tilnefndur af aðildarfyrirtækjum sameiginlega. Á fundi 29. apríl skipti stjórnin með sér verkum með þeim hætti að Friðbert var kjörinn formaður og Atli varaformaður.

Starfsmenn sjóðsins eru Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri, Svana M. Símonardóttir fulltrúi, Anna Karlsdóttir fulltrúi og Hulda Björk Guðmundsdóttir ritari.

Í árslok greiddi sjóðurinn 863 aðilum lífeyri, þar af 758 úr Hlutfallsdeild en 105 úr Aldursdeild. Voru lífeyrisgreiðslur ársins kr. 1.551,1 milljónir úr Hlutfallsdeild en kr. 104,4 milljónir úr Aldursdeild. Á árinu áður voru lífeyrisgreiðslur alls kr. 1.435,9 milljónir. Er aukningin því 15,3%.

Í árslok greiddu 2.238 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins, þar af 403 í Hlutfallsdeild og 1.835 í Aldursdeild. Í árslok 2009 greiddu 429 sjóðfélagar iðgjöld í Hlutfallsdeild og 1.801 í Aldursdeild eða alls 2.224. Í lok ársins áttu 5772 sjóðfélagar geymd réttindi til lífeyris og 2425 áttu rétt til endurgreiðslu iðgjalda.

## Lán til sjóðfélaga á árinu.

Á árinu voru samþykktar alls 20 lánveitingar til sjóðfélaga, alls að fjárhæð kr. 202,8 milljónir. Meðalfjárhæð var því kr. 10,3 milljónir en var á árinu áður kr. 6,3 milljónir. Hámarkslánsfjárhæð er nú kr. 25 milljónir eftir sex mánaða starf. Vextir eru nú 4,2%, breytilegir skv. ákvörðun stjórnar sjóðsins á hverjum tíma.

## Fjárvörslusamningar.

Þann 1. febrúar 2002 voru gerðir fjárvörslusamningar við Búnaðarbanka Íslands hf og Landsbanka Íslands hf. Samningar þessir komu í stað eldri fjárvörslusamninga við sömu aðila sem gerðir höfðu verið þann 1. september 1998. Þá tóku nýir fjárvörslusamningar gildi 1. janúar 2006 og komu þeir í stað hinna eldri. Í framhaldi af hrúni bankanna í október 2008, tilkynnti stjórn sjóðsins skilnefndum þeirra að hún liti svo á að samningarnir væru ekki lengur í gildi. Á árinu 2010 voru gerðir fjárvörslusamningar við Íslensk verðbréf og tóku þeir gildi 27. maí. Vægi fjárvörslu í heildareignum sjóðsins hefur minnkað mikið og er nú einungis 1,4% hjá Hlutfallsdeild og 15,4% hjá Aldursdeild. Fjárfestingastefnur beggja deilda eru endurskoðaðar reglulega. Hafa breytingar á þeim fyrst og fremst miðað að því að minnka vægi erlendra fjárfestinga sjóðsins svo og innlendra fjárfestinga í hlutabréfum og skuldabréfum fyrirtækja.

## Staða sjóðsins

Í lok ársins voru heildareignir Lífeyrissjóðs bankamanna kr. 46.554,6 milljónir sem skiptast þannig að í Hlutfallsdeild voru eignir alls kr. 32.323,9 milljónir, eða 69,4% og í Aldursdeild kr. 14.230,7 milljónir eða 30,6%.

Fyrir liggur tryggingafræðileg úttekt á skuldbindingum sjóðsins miðað við 31. desember 2010. Samkvæmt niðurstöðum hennar voru áfallnar skuldbindingar í Hlutfallsdeild kr. 36.625,4 milljónir en í Aldursdeild kr. 16.580,7 milljónir. Alls er því um að ræða kr. 53.206,1 milljónir. Sé hins vegar litið til framtíðarréttar eru heildarskuldbindingar Hlutfallsdeildar kr. 39.815,5 milljónir eða kr. 2.409,4 milljónir umfram eignir sem samsvarar 6,05% af skuldbindingum og heildarskuldbindingar Aldursdeildar kr. 32.684,6 milljónir eða kr. 1.454,4 milljónir umfram eignir sem samsvarar 4,45% af skuldbindingum.

# Skýrsla stjórnar

---

## Önnur mál

Ýmis önnur mál voru til umfjöllunar hjá stjórninni en hún hélt níu bókaða fundi á árinu. Svo sem fyrr er getið tóku nýir fjárvörslusamningar gildi 27. maí 2010. Þá hafa verið gerðar breytingar á fjárfestingastefnum. eru þær mismunandi fyrir deildir sjóðsins þar sem tekið er mið af ólíkum áætlunum um greiðslustreymi í framtíðinni. Í báðum tilvikum er um að ræða varfærnar fjárfestingstefnur þar sem þess er gætt að lágmarka áhættu sjóðsins. Stjórnin hefur dregið úr vægi fyrrum fjárvörslusafna í eignasafni sjóðsins. Kemur þar annars vegar til sérstada Hlutfallsdeildar sem kallar á að tryggð sé framtíðarávöxtun án mikilla breytinga á eignasafni og hins vegar upptaka aldurstengingar réttinda í Aldursdeild.

Heildarlaun og þóknanir til stjórnar og framkvæmdastjóra sjóðsins á árinu 2010 námu 16,2 milljónum króna og skiptast þannig:

Friðbert Traustason, formaður .....	1.428.005
Atli Atlason varaformaður .....	600.000
NBI hf, v/Atli Atlason varaformaður .....	367.668
Ingvar A. Sigfússon .....	778.005
Sigurjón Gunnarsson .....	778.005
Helga Jónsdóttir .....	778.005
Hermann Björnsson .....	279.838
Arion banki v/Hermann Björnsson .....	498.170
Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri .....	10.691.968
Samtals	16.199.664

Á árinu 2008 var gerður nýr samningur við Deloitte um innri endurskoðun. Eins og eldri samningur tekur hann mið af reglum Fjármálaeftirlitsins.

Þann 1. janúar 2008 tóku gildi nýjar samþykktir fyrir sjóðinn. Meginbreytingin skv. þeim var nýtt aldurstengt réttindakerfi í Aldursdeild, áður Stigadeild, svo sem fyrr er vikið að. Á framhaldsársfundi sjóðsins 20. september 2007 voru samþykktar tillögur þess efnis. Voru þær jafnframt staðfestar af meirihluta aðildarfyrirtækja sjóðsins fyrir lok ársins og loks staðfestar af Fjármálaráðuneyti. Samkvæmt samþykktunum er gert ráð fyrir að réttindamunur sjóðfélaga milli stigakerfisins og aldurstengda kerfisins verði jafnaður með greiðslum inn á lífeyrissparnaðarreikninga. Því uppgjöri er að mestu lokið. Þá tóku nýjar samþykktir gildi 1. september 2009 þar sem þær voru lagaðar að breytingum sem orðið höfðu á lögum nr. 129/1997.

Á árinu var samþykkt áætlun varðandi vinnu við gerð nýs skipulags innra eftirlits hjá sjóðnum.

Sjóðurinn hefur aðsetur að Skipholti 50b Reykjavík, sími 569 0900, símbréf 569 0909, tölvupóstfang lifbank@lifbank.is, veffang er www@lifbank.is. Skuldabréf sjóðsins eru til afgreiðslu í útibúi Landsbanka Íslands h.f. við Austurstræti.

# Áritun stjórnar

---

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bankamanna staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Reykjavík, 31. mars 2011


## Stjórn



Friðbert Traustason



Atli Atlason



Helga Jónsdóttir



Ingvar A Sigfússon



Sigurjón Gunnarsson



Hermann Björnsson

## Framkvæmdastjóri



Sigtryggur Jónsson

# Hlutfallsdeild

---

Ársreikningur

---

**2010**

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2010

	Skýr.	2010	2009
<b>Iðgjöld</b>			
Iðgjöld sjóðfélaga .....		67.112.395	71.495.844
Iðgjöld launagreiðenda .....		251.308.198	264.556.900
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....		0	(1.875.883)
		<u>318.420.593</u>	<u>334.176.861</u>
<b>Lífeyrir</b>			
Lífeyrir .....	3	1.551.080.313	1.364.783.005
		<u>1.551.080.313</u>	<u>1.364.783.005</u>
<b>Fjárfestingartekjur</b>			
Vaxtatekjur og gengismunur .....	5	2.451.057.665	3.804.404.597
Breytingar á niðurfærslu .....	9	(150.575.763)	(365.667.708)
		<u>2.300.481.902</u>	<u>3.438.736.889</u>
<b>Fjárfestingargjöld</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		11.911.553	12.390.064
		<u>11.911.553</u>	<u>12.390.064</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		57.724.346	60.043.251
Hlutdeild aðildarfyrirtækja í rekstrarkostnaði .....	18	(35.777.421)	(32.934.914)
		<u>21.946.925</u>	<u>27.108.337</u>
Aðrar tekjur .....	15	12.236.454	0
Hækkun á hreinni eign á árinu .....		1.046.200.158	2.368.632.343
Hrein eign frá fyrra ári .....		<u>31.277.673.761</u>	<u>28.909.041.418</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris .....		<u><u>32.323.873.919</u></u>	<u><u>31.277.673.761</u></u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2010

	Skýr.	31.12.2010	31.12.2009
<b>Eignir</b>			
<b>Fjárfestingar</b>			
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	6	280.508.334	214.013.462
Verðbréf með föstum tekjum .....	7	22.702.786.364	22.644.249.118
Veðlán .....	8	1.142.168.729	1.199.351.457
Innlánasamningar .....	17	7.755.009.363	6.825.635.859
		<u>31.880.472.790</u>	<u>30.883.249.896</u>
<b>Aðrar eignir</b>			
Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir .....	4	1.361.219	1.468.080
Sjóður og veltiinnlán .....		442.039.910	393.777.071
		<u>443.401.129</u>	<u>395.245.151</u>
<b>Eignir</b>		<u>32.323.873.919</u>	<u>31.278.495.047</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Viðskiptaskuldir</b>			
Aðrar skuldir .....	16	0	821.286
		<u>0</u>	<u>821.286</u>
<b>Skuldir</b>		<u>0</u>	<u>821.286</u>
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris alls</b>		<u><u>32.323.873.919</u></u>	<u><u>31.277.673.761</u></u>

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2010

	2010	2009
<b>Inngreiðslur</b>		
Iðgjöld .....	318.420.593	334.176.861
Fjárfestingartekjur .....	1.054.488.055	1.346.641.452
Afborganir verðbréfa .....	1.132.236.931	1.067.319.363
Seld verðbréf með breytilegum tekjum .....	34.736.406	1.561.039.781
Seld verðbréf með föstum tekjum .....	218.210.531	45.752.967
Aðrar inngreiðslur .....	48.118.494	34.001.530
	<u>2.806.211.010</u>	<u>4.388.931.954</u>
<b>Útgreiðslur</b>		
Lífeyrir .....	1.551.080.313	1.364.783.005
Fjárfestingargjöld .....	11.911.553	12.459.518
Rekstrarkostnaður án afskrifta .....	57.974.698	60.199.026
	<u>1.620.966.564</u>	<u>1.437.441.549</u>
<b>Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu</b>	<u>1.185.244.445</u>	<u>2.951.490.405</u>
<b>Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting</b>		
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum .....	47.064.179	4.977.942
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum .....	757.773.937	2.115.649.318
Ný veðlán og útlán .....	32.000.000	55.226.000
Hækkun á innlánaþingum .....	300.000.000	850.000.000
Aðrar fjárfestingar .....	143.491	988.784
	<u>1.136.981.607</u>	<u>3.026.842.045</u>
Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánnum .....	48.262.838	(75.351.640)
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun .....	<u>393.777.072</u>	<u>469.128.712</u>
Sjóður og veltiinnlán í árslok .....	<u>442.039.910</u>	<u>393.777.071</u>

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Lífeyrissjóður bankamanna starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Sjóðurinn starfar í tveimur deildum, Hlutfallsdeild og Aldursdeild og skulu allir starfsmenn aðildarfyrirtækja sjóðsins, sem náð hafa 16 ára aldri vera sjóðfélagar meðan þeir starfa hjá viðkomandi fyrirtæki. Greiddur er ellilífeyrir, örorkulífeyrir, makalífeyrir og barnalífeyrir.

### Lífeyrisréttindi

Réttindi til lífeyris ráðast af starfshlutfalli og starfstíma svo og launum seinustu 5 ára. Lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar og fylgja vísitölu neysluverðs. Taka eftirlauna getur hafist við 65 ára aldur eða fyrr ef aldur og starfsaldur ná 95 árum. Að öðru leyti eru réttindi óháð aldri sjóðfélaga. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira. Andist sjóðfélagi, eiga eftirlifandi maki og börn rétt á lífeyri úr sjóðnum. Í samþykktum sjóðsins er kveðið nánar á um ávinnslu réttinda.

Lífeyrissjóðurinn ábyrgist lífeyrisskuldbindingar sínar með eignum sínum. Árlega er gerð tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins og getur hún haft áhrif á lífeyrisréttindi, því sjóðnum er skylt að auka eða skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaga fari munur milli eigna og lífeyrisskuldbindinga sjóðsins fram yfir tiltekin mörk.

Lífeyrissjóðurinn veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til áviloka, örorku eða andláts samkvæmt nánari ákvæðum laganna. Skylduáðild er að lífeyrissjóðnum og er kveðið á um iðgjald til sjóðsins í kjarasamningum SSF og viðsemjanda þess. SSF er eina stéttarfélagið sem á aðild að þessum sjóði. Launamönnum SSF ber að greiða 4% af grunnlaunum sínum til þessa sjóðs á móti 14,4% framlagi atvinnurekenda eða samtals 18,4% sem kallast lágmarksíðgjald.

### Fjárvarsla

Eftirtaldir fjárvörsluáðilar sáu um vörslu og ávöxtun á hluta af verðbréfasafni sjóðsins samkvæmt sérstökum samningum. Í árslok 2010 voru 401 milljónir króna í fjárvörslu hjá Íslenskum Verðbréfum hf og 26 milljónir króna hjá Arion banka hf. Í efnahagsreikningi eru söfnin greind niður á viðeigandi eignir og skuldir. Samningur við Arion banka hf er ekki lengur í gildi.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög um ársreikninga og lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Eignir hafa verið metnar og færðar niður með hliðsjón af tapshættu í kjölfar bankahruns í október 2008. Niðurfærslan nemur um 1,5% af eignasafninu. Nánari sundurliðun á niðurfærslu er að finna í skýringu 9.

### Gjaldmiðlar og vísitölur

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjárfestingartekna. Gengi Seðlabanka Íslands greinist þannig:

	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2010	2009	31.12.2010	31.12.2009
Evra (EUR).....	161,89	172,67	153,37	179,38

# Skýringar

---

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Áhættustjórnun

Sjóðurinn hefur heimild til gerðar framvirka gjaldmiðlasamninga við lánastofnanir. Samningarnir eru gerðir í þeim tilgangi að takmarka gengisáhættu vegna eigna sjóðsins. Samningarnir eru gerðir upp á markaðsverði. Höfuðstóll samninganna er ekki færður í efnahagsreikning, en afkoma þeirra er færð í yfirlit um breytingu á hreinni eign og efnahagsreikning. Samningarnir eru færðir í efnahagsreikning með öðrum eignum eða öðrum skuldum eftir því hvort staða þeirra er jákvæð eða neikvæð. Engir slíkir samningar eru í gildi né óuppperðir hjá sjóðnum í árslok 2010.

### Skráning iðgjalda

Iðgjöld eru tekjufærð þegar iðgjaldaskilagreinar berast sjóðnum.

### Lífeyrir

Lífeyrir er gjaldfærður þegar hann er greiddur til lífeyrisþega.

### Skráning tekna

Undir tekjum af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga á gengi bréfanna og gengi íslensku krónunnar.

Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og bankainnstæðum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á gengi innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

### Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins.

### Verðbréf

Verðbréfaeign sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum, og veðlán. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga eru eftirfarandi:

Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum eða verðbréf sem háð eru afkomu útgefanda. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Óskráð bréf eru metin á framreiknuðu kaupverði eða áætluðu markaðsverði hvort sem lægra er.

Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi. Skuldabréf með viðmiðun við hlutabréfávísitölur eru hins vegar færð við markaðsverði.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

# Skýringar

---

## 3. Lífeyrir

Lífeyrir greinist þannig:

	2010	2009
Ellilífeyrir .....	1.262.742.117	1.112.722.204
Örorkulífeyrir .....	109.818.403	89.521.809
Makalífeyrir .....	174.998.670	156.185.509
Barnalífeyrir .....	1.234.392	2.647.395
Dánarbætur.....	2.286.731	3.706.088
	<u>1.551.080.313</u>	<u>1.364.783.005</u>

## 4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Innréttingar, áhöld og tæki
Stofnverð í ársbyrjun.....	6.044.175
Afskrifað áður .....	<u>(4.576.094)</u>
Bókfært verð í ársbyrjun.....	1.468.080
Viðbót á árinu.....	143.491
Afskrifað á árinu .....	<u>(250.353)</u>
Bókfært verð í árslok.....	<u>1.361.219</u>
Afskriftarhlutföll .....	20%

## 5. Vaxtatekjur og gengismunur

Vaxtatekjur og gengismunur skuldabréfa og annarra eigna .....	2.450.953.046
Lántökugjöld .....	<u>104.619</u>
	<u>2.451.057.665</u>

## 6. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

Eignarhlutar í innlendum hlutafélögum .....	27.970.203
Hlutdeildarskírteini í innlendum sjóðum .....	<u>252.538.131</u>
	<u>280.508.334</u>

# Skýringar

## 6. Verðbréf með breytilegum tekjum (framhald)

### Eignarhlutar í innlendum félögum greinast þannig:

	Hlutdeild	Bókfært verð
Óskráð félög:		
Atorka Group hf.....	óveruleg	16.664.446
Bakkavör Group hf B-hlutir.....	óveruleg	304.375
Bakkavör Group hf C-hlutir.....	óveruleg	10.909.152
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða um verðbréfaþing .....	1,84%	92.230
		<u>27.970.203</u>
Eignarhlutar í innlendum félögum alls.....		<u>27.970.203</u>
Hlutabréfaeign alls .....		<u>27.970.203</u>

### Hlutdeildarskírteini greinast þannig:

#### Innlendir verðbréfasjóðir með skuldabréfum:

	Bókfært verð
ALMC Depositary Units (EUR).....	26.300.194
NBI - Fyrirtækjabréf.....	225.665.009
	<u>251.965.203</u>
Hlutdeildarskírteini í innlendum skuldabréfasjóðum alls .....	<u>251.965.203</u>

#### Innlendir verðbréfasjóðir með hlutabréfum:

Arion - Icelandic Equity.....	572.928
	<u>572.928</u>
Hlutdeildarskírteini í innlendum hlutabréfasjóðum alls .....	<u>572.928</u>
Hlutdeildarskírteini í innlendum sjóðum alls.....	<u>252.538.131</u>
Hlutdeildarskírteini alls .....	<u>252.538.131</u>

# Skýringar

## 7. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

Skuldabréf með ríkisábyrgð

	Bókfært verð
Íbúðabréf.....	18.608.485.858
Húsbref.....	181.256.149
Ríkisbréf.....	571.352.077
Önnur skuldabréf með ríkisábyrgð .....	2.182.087.525
	<u>21.543.181.609</u>
Skuldabréf sveitarfélaga .....	48.426.085
Skuldabréf lánastofnana .....	416.989.668
Skuldabréf fyrirtækja .....	694.189.004
Verðbréf með föstum tekjum alls .....	<u>22.702.786.366</u>

## 8. Veðlán

Veðlán greinast þannig:

Skuldabréf sjóðfélaga .....	1.153.707.106
Niðurfærsla veðskuldabréfa .....	(11.538.377)
	<u>1.142.168.729</u>

## 9. Niðurfærslur verðbréfa

Niðurfærsla verðbréfa greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun .....	521.669.613
Afskrifað tapað á árinu .....	(199.737.816)
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu .....	150.575.763
	<u>472.507.560</u>

Verðbréf eru færð niður í efnahagsreikningi vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftareikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Gjaldfærð niðurfærsla skiptist þannig að 12 mkr. eru vegna veðskuldabréfa, 4 mkr. vegna hlutabréfa, 379 mkr. vegna skuldabréfa lánastofnana og 78 mkr. vegna skuldabréfa fyrirtækja. Niðurfærslan hefur verið dregin frá í fjárhæðum einstakra verðbréfaflokka í skiptingu verðbréfaeignarinnar.

## 10. Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

	Í íslenskum krónum	Í erlendum gjaldmiðlum	Samtals
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	254.208.140	26.300.194	280.508.334
Verðbréf með föstum tekjum .....	22.702.786.366	0	22.702.786.366
Veðlán .....	1.142.168.729	0	1.142.168.729
Innlánasamningar.....	7.755.009.363	0	7.755.009.363
	<u>31.854.172.598</u>	<u>26.300.194</u>	<u>31.880.472.792</u>
Hlutfallsleg skipting .....	100%	0%	100%

# Skýringar

## 11. Markaðsverð fjárfestinga sjóðsins

Verðbréf með föstum tekjum eru eignfærð miðað við ávöxtunarkröfu á kaupdegi. Væru þessi verðbréf færð til eignar á markaðsverði væri mat þeirra 2.793 millj. kr. hærra og hrein eign til greiðslu lífeyris þeim mun hærri.

## 12. Lífeyrisskuldbindingar

Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum Hlutfallsdeildar:

Samkvæmt niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar á stöðu Hlutfallsdeildar í árslok 2010 miðað við 3,5% ársvexti vantar deildina kr. 1.587,8 milljónir til að mæta áföllnum skuldbindingum sem jafngildir -4,3% af skuldbindingum. Heildarskuldbindingar umfram eignir eru kr. 2.409,4 milljónir eða -6,1% af skuldbindingum.

Eignir	Áfallin skuldbinding m.kr.	Framtíðar- skuldbinding m.kr.	Heildar- skuldbinding m.kr.
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	32.323,9		32.323,9
Núvirði verðbréfa, hækkun.....	3.009,0		3.009,0
Lækkun vegna fjárfestingargjalda.....	(295,3)		(295,3)
Núvirði framtíðariðgjalda.....		2.368,5	2.368,5
	<u>35.037,6</u>	<u>2.368,5</u>	<u>37.406,1</u>
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir .....	28.722,4	2.480,1	31.202,5
Örorkulífeyrir.....	1.074,1	112,8	1.186,9
Makalífeyrir.....	4.962,2	274,3	5.236,5
Barnalífeyrir.....	35,4	5,7	41,1
95 ára regla.....	808,7	232,1	1.040,8
Annað .....	644,5	28,2	672,7
Rekstrarkostnaður .....	<u>378,1</u>	<u>56,9</u>	<u>435,0</u>
	<u>36.625,4</u>	<u>3.190,1</u>	<u>39.815,5</u>
Eignir umfram skuldbindingar .....	(1.587,8)	(821,6)	(2.409,4)
Í hlutfalli af skuldbindingum .....	-4,34%	-25,75%	-6,05%

## 13. Ábyrgðir og skuldbindingar

Lífeyrissjóðurinn hefur heimild til að gera framvirka gjaldmiðlasamninga og framtíðarsamninga við lánastofnanir í þeim tilgangi að takmarka gengisáhættu vegna eigna Hlutfallsdeildar. Engir slíkir samningar voru í gildi í árslok.

# Skýringar

## 14. Rekstrargjöld

Laun og tengd gjöld greinast þannig:

	2010	2009
Laun starfsfólks.....	23.227.078	17.445.151
Stjórnarlaun.....	3.879.060	4.170.933
Launatengd gjöld .....	4.066.143	3.206.842
	<u>31.172.282</u>	<u>24.822.926</u>

Starfsmenn sjóðsins voru 4 á árinu 2010.

Þóknanir til Deloitte hf, ytri endurskoðenda sjóðsins, á árinu 2010 námu 4.959 þús. kr. að meðtöldum vsk. og greinast þannig:

	2010	2009
Endurskoðun.....	3.593.616	1.914.810
Önnur þjónusta.....	1.365.388	1.996.033
	<u>4.959.003</u>	<u>3.910.843</u>

Aðrar þóknanir til Deloitte hf nema kr. 2.312.529 að meðtöldum vsk. og eru vegna vinnu Áhættuþjónustu Deloitte og Fjármálaráðgjafar Deloitte við innri endurskoðun og sérfræðiþjónustu.

## 15. Aðrar tekjur

	2010	2009
Framlag til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.....	12.162.990	0
Þóknun vegna innheimtu Starfsendurhæfingarsjóðs.....	73.464	0
	<u>12.236.454</u>	<u>0</u>

## 16. Aðrar skuldir

	2010	2009
Ógreitt iðgjald Starfsendurhæfingarsjóðs.....	0	821.286
	<u>0</u>	<u>821.286</u>

## 17. Innlánasamningar

Frá árinu 2007 hefur sjóðurinn gert samninga við Arion banka hf og Íslandsbanka hf um verðtryggð innlán að fjárhæð samtals 5.280 mkr. til nokkurra ára. Samtals er um að ræða 5 samninga. Höfuðstóll innlánanna er laus til útborgunar að samningstíma liðnum. Vextir eru lagðir við höfuðstól í lok hvers vaxtatímabils sem er 1 ár eða greiddir út til sjóðsins óski hann þess. Bókfærð staða þessara samninga var 7.755 mkr. í árslok

## 18. Önnur mál

Í desember 2006 var gengið frá samkomulagi við aðildarfyrirtæki sjóðsins um lausn á rekstrarvanda Hlutfallsdeildar. Skv. samkomulaginu er gert ráð fyrir að aðildarfyrirtækin taki þátt í rekstrarkostnaði Hlutfallsdeildar á hverju ári sem er umfram 10 mkr. en þó að hámarki 25 mkr verðtryggt frá janúar 2006. Aðildarfyrirtækin munu greiða þessa fjárhæð í beinu hlutfalli við heildarskuldbindingar sjóðsfélaga þess í Hlutfallsdeild og voru greiddar kr. 35.777.421 á árinu 2010.

# Skýringar

## 19. Kennitölur

Yfirlit um kennitölur sjóðsins:

	2010	2009	2008	2007	2006
Hrein raunávöxtun.....	4,70%	3,08%	-1,55%	1,67%	6,17% *
Meðaltal hreinnar raun- ávöxtunar s.l. 5 ár .....	2,78%	2,81%	3,77%	5,97%	5,46% *
Meðaltal hreinnar raun- ávöxtunar s.l. 10 ár .....	3,46%	2,70%	3,13%	3,93%	4,31% *
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar frá upptöku deildaskiptingar 1998.....	3,49%	3,39%	3,42%	3,93%	4,18% *
Hlutf.leg skipt. annarra fjárfestinga:					
Skráð verðbr. með breytíl. tekjum .....	0,00%	0,69%	6,80%	11,96%	45,87%
Skráð verðbr. með föst. tekjum .....	64,19%	65,75%	61,63%	61,13%	41,62%
Óskráð verðbr. m/breytíl. tekj. ....	0,88%	0,00%	0,00%	0,04%	0,08%
Óskráð verðbr. m/föst. tekjum .....	7,02%	7,58%	9,20%	8,51%	8,13%
Innlánasamningar .....	24,33%	22,10%	18,06%	14,17%	
Veðlán .....	3,58%	3,88%	4,31%	4,19%	4,30%
Hlutfallsleg skipting annarra fjárfestinga efúr gjaldmiðlum:					
Eignir í íslenskum krónum .....	99,92%	100,00%	100,00%	100,00%	85,63%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum .....	0,08%	0,00%	0,00%	0,00%	14,37%
Fjöldi virkra sjóðfélaga:					
Hlutfallsdeild.....	403	453	493	529	565
Fjöldi lífeyrisþega:					
Hlutfallsdeild.....	758	696	659	624	598
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Eftirlaun .....	81,5%	81,8%	81,9%	81,5%	81,9%
Örorkulífeyrir .....	7,1%	6,6%	6,3%	5,9%	6,1%
Makalífeyrir .....	11,3%	11,5%	11,7%	12,4%	11,9%
Barnalífeyrir .....	0,1%	0,2%	0,1%	0,2%	0,1%
Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt:					
Hlutfallsdeild:					
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar .....	-6,05%	-5,79%	-2,98%	0,19%	-2,95%
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar .....	-4,34%	-3,62%	0,72%	6,19%	2,30%

\* Hrein raunávöxtun er reiknuð miðað við hreina eign sjóðsins fyrir sérstaka innborgun aðildarfélaga í árslok 2006.

# Aldursdeild

---

Ársreikningur

---

**2010**

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2010

	Skýr.	2010	2009
<b>Iðgjöld</b>			
Iðgjöld sjóðfélaga .....		436.254.496	446.307.161
Iðgjöld launagreiðenda .....		668.091.392	683.359.569
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....		0	(338.574)
		<u>1.104.345.888</u>	<u>1.129.328.156</u>
<b>Lífeyrir</b>			
Lífeyrir .....	3	104.446.481	71.091.361
		<u>104.446.481</u>	<u>71.091.361</u>
<b>Fjárfestingartekjur</b>			
Tekjur af eignarhlutum .....		1.317.038	3.403.594
Vaxtatekjur og gengismunur .....	5	774.309.316	1.411.011.539
Breytingar á niðurfærslu .....	9	0	(187.150.254)
		<u>775.626.354</u>	<u>1.227.264.879</u>
<b>Fjárfestingargjöld</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		4.988.698	4.662.629
		<u>4.988.698</u>	<u>4.662.629</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		24.175.631	22.595.477
